

**191. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
7. apríl 2021 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurpórsdóttir, fulltrúi.

Fundurinn er haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun 2018-2030

Vinna við endurskoðun á aðalskipulagi.

Árni Ólafsson skipulagshöfundur fór yfir uppfærslur á greinargerðinni. Stefnt skal að eftirfarandi tímalínu:

Ljúka greinargerð í apríl 2021,

Kynning til umsagnaraðila fari fram í maí 2021, ásamt kynningu til íbúa.

Sent til yfirferðar Skipulagsstofnunar í júní 2021.

Endurskoðun aðalskipulags auglýst á tímabilinu ágúst-september 2021.

Stefnt skal að því að endurskoðun aðalskipulags sé lokið í desember 2021.

2. 2103129 - Deiliskipulag Skógarhverfis 3C og 5

Lögð fram skýrsla unnin af skipulagsfulltrúa um núverandi stöðu Skógarhverfis.

Skipulagsfulltrúi fór yfir greinargerð um núverandi stöðu Skógahverfis m.t.t. fjölda, gerða og stærða á íbúðum á svæðinu. Jafnframt var farið yfir mögulega breytingu á skipulagi við Skógahverfi 3A m.t.t. umferðarsjónarmiða. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram með Árna Ólafssyni skipulagshöfundi.

3. 2101220 - Deiliskipulag Stofnanareits breyting - Vesturgata 163

Umsókn um að breyta einbýlishúsi í tvíbýlishús. Grenndarkynnt var frá 10. febrúar til 11. mars 2021, engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breyting á deiliskipulagi Stofnanareits vegna Vesturgötu 163, verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

4. 2008218 - Deiliskipulag Voga - Vogar 17, Flæðilækur

Breyting á deiliskipulagi Voga vegna Voga-Flæðilækjar, sem felst í að skilgreina byggingarreit fyrir geymslu og viðgerðarhús. Breytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. greinar frá 25. febrúar til 30. mars 2021.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing birt í B-deild Stjórnartíðinda.

5. 2102298 - Deiliskipulag Æðarodda - Æðaroddi 40 breyting

Breyting á deiliskipulagi Æðarodda vegna Æðarodda 40, breyting á byggingarreit. Grenndarkynnt var frá 25. febrúar til 30. mars 2021, engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að breyting á deiliskipulagi Æðarodda vegna Æðarodda 40, verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

6. 2102053 - Deiliskipulag Dalbraut Þjóðbraut - Dalbraut 10 - Fjöliðjan

Breyting á deiliskipulagi Dalbraut - Þjóðbraut, vegna Dalbrautar 10 var grenndarkynt frá 16. febrúar til 18. mars 2021. Engar athugasemdir bárust, samþykki barst frá tveimur lóðum og ábending kom fram hjá Veitum um lagnir.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að breyting á deiliskipulagi Dalbraut - Þjóðbraut, vegna Dalbrautar 10, verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

7. 2011087 - Suðurgata 50A - Kynning á byggingarleyfi

Fram komu tvær athugasemdir við grenndarkynninguna. Ennfremur kom bréf frá Lex lögmönnum f.h. lóðarhafa sem sótti um byggingarleyfið.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir fyrirliggjandi greinargerð skipulagsfulltrúa sem svar við framkomnum athugasemdum og bréfi frá Lex lögmönnum.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirliggjandi greinargerð skipulagsfulltrúa.

8. 2103304 - Æðaroddi - staðsetning á setþró og lögnum

Bréf frá Libra Lögmönnum fyrir hönd Hestamiðstöðvarinnar Borgartún ehf. Vegna staðsetingu setþróar við hlið Æðarodda 33

Bréf frá Libra lögmönnum lagt fram. Skipulags- og umhverfissráð beinir því til Veitna að sem fyrst verði unnið plan um frambúðarlausn á fráveitumálum á Æðarodda.

9. 2103179 - Fasteignasjóður JS - aðgengismál fatlaðs fólks

Skipulags- og umhverfissráð felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs ásamt sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs að koma með tillögu að styrktækum verkefnum sem stuðla að bættu aðgengi fatlaðs fólks í stofnunum á vegum Akraneskaupstaðar.

10. 2103321 - Húsnæði fyrir fatlaða - lóð

Lóðarval fyrir Búsetukjarna fyrir fatlað fólk, farið yfir mögulegar staðsetningar í bænum.

Farið yfir hugsanlegar staðsetningar á búsetukjarna fyrir fatlað fólk, horft er m.a. til þéttingar byggðar. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

11. 2102301 - Flóahverfi - þróunarsvæði

Lagt fram minnisblað frá skipulagsfulltrúa um áframhaldandi vinnu við Flóahverfi.

Skipulagsfulltrúi fór yfir stöðu málsins og sagði m.a. frá skýrslu sem Landsvirkjun er að vinna að í tengslum við græna dregilinn, til að laða að nýfjárfestingu og bæta samkeppnishæfni Íslands við nágrannalönd. Skipulagsfulltrúa falið að fá kynningu frá Landsvirkjun inn á næsta fund ráðsins.

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:00.